

Helstu umræðu- og viðfangsefni skipulagsnefndar háskólaráðs á vormisseri 2018.

Minnisblað til rektors og háskólaráðs, vor 2018.

Núverandi skipulagsnefnd háskólaráðs var skipuð 11. janúar 2018. Hlutverk nefndarinnar er að vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis og hafa á hverjum tíma yfirsýn yfir skipulag háskólasvæðisins, ásýnd þess, uppbyggingu, nýtingu og viðhald.

Fjórir fundir voru haldnir á tímabilinu 13. febrúar til 24. apríl 2018. Hér er greint frá helstu umræðu- og viðfangsefnum nefndarinnar ásamt hugmyndum um störf hennar á næstu misserum. Að leiðarljósi var höfð stefna Háskóla Íslands 2016-2021 og drög að rammaskipulagi Háskólasvæðisins frá árinu 2015.

Hlutverk háskólasvæðisins

Í stefnu Háskóla Íslands 2016-2021 er sett fram eftirfarandi sýn varðandi háskólasvæðið:

- (1) Öll meginstarfsemi Háskólans verði byggð upp á háskólasvæðinu. Áhersla verði lögð á flutning Menntavísindasviðs og framtíðarhúsnæði fyrir heilbrigðisvísindi.
- (2) Uppbygging Háskólans stuðli að samheldnu háskólasamfélagi.
- (3) Að þekkingarsköpun við skólann hafi sem víðtækust áhrif.
- (4) Að Háskólinn standi fyrir lifandi samræðu við almenning og fagfólk um brýn viðfangsefni samtímans.

Framtíðarsýn fyrir Háskólann

Með langtímaskipulagi háskólasvæðisins er ætlað að skapa umgjörð um rannsóknir og kennslu (hér á eftir nefnt kjarnastarfsemi) og henni þarf að tryggja nægilegt landsvæði til framtíðar. Háskóli Íslands hefur sett sér metnaðarfull markmið um að styrkja rannsóknahverfi á Íslandi. Þetta eykur þörf fyrir vinnu- og rannsóknaaðstöðu sístækkandi hóps vísindamanna og framhaldsnema við skólann. Náms- og kennsluhættir eru í örri þróun á öllum námsstigum, sem kallar á breyttan húsakost og aðbúnað. Ný tækifæri geta skapast með frekari nálægð og samstarfi við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Kjarnastarfsemi einkennist af nánd, góðu aðgengi og sýnileika

Háskólatorg myndar nú miðju kjarnastarfsemi Háskólans. Með uppbyggingu Vísindagarða er mögulegt að miðjan færist nær Vatnsmýrinni. Mikilvægt er að kjarnastarfsemin dreifist ekki um of og að tryggðar séu góðar tengingar á milli bygginga til að stuðla að samheldnu háskólasamfélagi með sem mestri samvinnu fræðasviða. Dæmi um vel heppnaðar tengingar eru á milli Háskólatorgs, Gimlis, Lögbergs, Odda og Veraldar – húss Vigdísar.

Æskilegt er að kjarnastarfsemin sé sýnileg bæði inn á við og út á við. Almenn rými á jarðhæðum bygginga geta nýst sem gönguleiðir á milli bygginga og sem vettvangur fyrir kynningu á kennslu og rannsóknum við Háskólann.

Menningargátt við miðborgina

Á norðvesturjaðri háskólalóðarinnar, næst miðbænum, er nú þegar vísir að „menningarkjarna“. Borgarbúar og aðrir gestir heimsækja háskólasvæðið til að fræðast og njóta menningarviðburða, s.s. í Þjóðminjasafninu, Þjóðarbókhöfðu og væntanlegu Húsi íslenskra fræða. Áður fyrr sóttu margir utan Háskólans þjónustu í Bókabúð FS og Ferðaskrifstofu stúdenta, þá til húsa í Stapa við Hringbraut. Fyrirlestrar á vegum Háskólans sem eru opnir almenningi eru haldnir víða í húsakynnum skólans og gestir og gangandi heimsækja Háskólatorg, votlendið í Vatnsmýrinni og Norræna húsið. Styrkja má enn frekar þetta hlutverk háskólasvæðisins og huga að því hvernig gera megri það enn aðgengilegra með öflugri tengingum við miðbæinn.

Vísindagarðar – blönduð starfsemi

Í Vísindagörðum er gert ráð fyrir blandaðri starfsemi fyrirtækja í hátækniöðnaði, sprotafyrirtækja og almennri háskólastarfsemi. Þar eru einnig stúdentaíbúðir og gert er ráð fyrir ýmiss konar þjónustu í miðju garðanna. Mikil stefnumótunarvinna hefur átt sér stað í tengslum við Vísindagarða. Mikilvægt er að huga að því hvaða framtíðarstarfsemi Háskóla Íslands muni fara fram á Vísindagarðasvæðinu.

Stúdentagarðar á jaðri Háskólasvæðisins

Mikilvægt er að stúdentar geti búið í nágrenni við Háskólann (10-15 mínútna fjarlægð gangandi eða hjólandi). Sjá má fyrir sér uppbyggingu stúdentaíbúða á jaðri háskólasvæðisins, í tengslum við almenna íbúabyggð, en dreifa henni ekki um of til að nánd og félagslegt samneyti takist meðal nemenda. Mikilvægt er að nemendur geti fengið inni á stúdentagörðum í upphafi náms til að mynda tengsl við aðra nemendur. Á fundum skipulagsnefndar voru einnig rædd sjónarmið um uppbyggingu íbúðahúsnæðis fyrir stúdenta meðfram stofnbrautum og mögulega skaðsemi mengunar á heilsufar.

Alhliða þjónusta innan seilingar

Stúdentar og starfsfólk Háskólans horfir í auknum mæli til þess að háskólasvæðið endurspegli aðlaðandi og lifandi samfélag. Ákjósanlegt er að unnt sé að sækja fjölbreytta þjónustu á svæðinu eða í grennd við það. Þar má nefna matsölastaði, lágvöruverðsverslun, lækni- og sálfræðiþjónustu o.fl., en í erlendum háskólum má víða sjá slíka þjónustu spretta upp í nálægum almennum íbúðahverfum. Gera má ráð fyrir að nemendur og starfsfólk Háskólans njóti góðs af þjónustu sem byggist upp fyrir almenna borgara í Vatnsmýrinni.

Samgöngur

Helsta aðkoma þeirra sem koma á háskólasvæðið gangandi eða með almenningsfarartækjum er eftir svonefndum Alexanderstíg sem liggur frá Hringbraut suður að Eggertsgötu. Bæta þarf samgönguleiðir fyrir gangandi og hjólandi almennt á háskólasvæðinu, bæði inn á svæðið og innan þess, en einkabíllinn hefur verið í forgangi hvað samgönguleiðir varðar og mikið landsvæði verið lagt undir umferðargötur og bílastæði.

Frekari störf skipulagsnefndar

Skipulagsnefnd sér fyrir sér að á næsta starfsári muni hún yfirfara drög að fyrirbyggjandi rammskipulagi Háskólasvæðisins frá 2015, með aðkomu höfunda þess og annarra sérfræðinga sem hafa reynslu af skipulagi háskólasvæða í borgum.

Skipulagsnefnd vill beita sér fyrir öflugum samstarfi á milli fræðasviða, starfseininga og háskólaborgara um skipulag háskólasvæðisins, þróun verkferla og breiðari umræðu um málaflokkinn. Skipulagsnefnd telur jafnframt æskilegt að formaður nefndarinnar verði áheyrnarfulltrúi í stjórn Vísindagarða á sama hátt og framkvæmdastjóri Vísindagarða er áheyrnarfulltrúi í skipulagsnefnd.